

## 5. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

14. maí 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 17:30

**Mætt eru:** Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Ragnheiður Kristín Finnbogadóttir (RKF) og Inger Erla Thomsen (IET) í gegnum Skype, ásamt Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

*Fundur settur 17:47*

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerðir til samþykktar:

- a. [Fundargerð](#) sambandsþings 2018 var samþykkt.

#### 2. Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:

- a. **Staða framkvæmdar #ÉgKýs 2018:** Netherferðin er enn í gangi, Kosningavitinn er að verða tilbúinn til birtingar, verið er að leggja lokahönd á sérstaka uppfærslu á egkys.is fyrir sveitarstjórnarkosningar, LMJ mun stýra pallborðsumræðum frambjóðenda á viðburðinum „[Pólítískt Party](#)“ í Hinu Húsinu þann 24. maí og talning atkvæða skuggakosninga er lokið.
- b. TI hefur sett saman yfirlit yfir starfsárið upp í tímalínu.

#### 3. Umsókn Hugrúnar - geðfræðslufélags um fulla aðild að LUF:

- a. Skýrsla um umsókn og fylgigögn var rædd.
- b. Umsókn var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### 4. Beiðni um fulltrúa ungra kjósenda frá mannréttindaráði Reykjavíkurborgar á [opnum fundi](#) sem ber yfirskriftina: „Kosningaþátttaka - samráð við grasrót - Skiptir mitt atkvæði máli?“ Ákveðið var að TI haldi erindi fyrir hönd LUF.

#### 5. Kæra vegna RSK málsins: SHB minnr á að frestur til að kæra niðurstöðu RSK til ráðuneytisins er til 16. júní næstkomandi. Ákveðið var að kærán verði lögð fyrir stjórn til umræðu og samþykktar á næsta stjórnarfundum.

#### 6. Alþjóðamál:

- a. TI segir frá **NORDBUK fundinum** sem var í Svíþjóð 8. - 9. maí.
- b. Lagt var til að MÖÓ safni upplýsingum frá systursamtökum LUF á Norðurlöndunum um „UN Youth Delegation Programme“ á **Nordic Youth Conference** í Svíþjóð þann 24. maí.

#### 7. Tengslanetaviðburður: Ákveðið var að LMJ verði ábyrgðaraðili stjórnar.

#### 8. Önnur mál: Engin bárust.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:20*

*TI ritaði fundargerð.*